

Menningarmiðstöð Hornafjarðar

**Deiliskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda
í landi Svínafells í Öræfum, Sveitarfélaginu Hornafirði**

SEL II


Fornleifaskráning 2017

Sigríður G Björgvinsdóttir
Vala Garðarsdóttir

Júní 2017

Efnisyfirlit:

INNGANGUR.....	1
FORNLEIFASKRÁNING, LÖGGJÖF OG STAÐLAR	2
SVÍNAFELL Í ÖRÆFUM.....	3
FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ.....	4
FORNLEIFASKRÁNING	6
SAMANTEKT	10
NIÐURSTAÐA.....	10
HEIMILDIR.....	11
VIÐAUKI.....	12



Mynd 1. Svínafell í Öræfum, Sveitarfélaginu Hornafirði, uppdráttur af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði við Selhóla. Úttektarsvæðið er afmarkað með rauðum ramma, varpað á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Inngangur

Vegna fyrirhugaðra byggingaframkvæmda við Selhól í landi Svínafells í Öræfum, Sveitarfélaginu Hornafirði var framkvæmdasvæðið tekið út með tilliti til fornminja eins og lög gera ráð fyrir.¹ Hér er því ekki um fullnaðar fornleifaskráningu að ræða. Úttektarsvæðið tekur yfir Sel, sem eru hólur efst í Vestur-Söndum, en svo nefnist gróið flatlendi vestan Virkisáraura, milli Virkisár og Veitulækjar suðvestur af Þjóðvegi 1. Selhóll er stærstur þeirra og sunnan í hólnum standa beitarhús frá Svínafelli (sjá uppdrátt á mynd 1, úttektarsvæði afmarkast af rauðum ramma).² Framkvæmdasvæðið er innan rætkunartúna Svínafells 3, Bölta, vestan beitarhúsanna við Selhól (sjá myndir 1 og 2).

Farið var á vettvang 7. júní 2017, úttektarsvæðið gengið kerfisbundið og leitað eftir þekktum sem og óþekktum minjum. Sjáanlegar minjar voru mældar upp nákvæmlega með Trimble GeoXH stöð (gps-gagnatæki) og ljósmyndaðar. Skráning, úrvinnsla og skýrslugerð var framkvæmt af Sigríði G. Björgvinsdóttur náttúrulandfræðingi hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur las handrit yfir.

¹ Lög um menningarminjar nr. 80/2012

² Þorsteinn Jóhannsson, Ösk-Svínafell-7

Minjaskráningin fylgir hér á eftir ásamt yfirliti um búsetusögu jarðarinnar Svínafells en á undan er kafli um löggjöf um fornleifar og lýsing á fornleifaskráningu.

Fornleifaskráning, löggjöf og staðlar

Í 3. grein laga um menningarminjar (nr.80 29. júní 2012) eru fornminjar skilgreindar eftirfarandi:

„Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngrípir og hins vegar fornleifar.

Forngrípir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngrípa. Til forngrípa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.“

Geta má þess að helgunarlína friðaðra minja er 15 m en 100 m er varðar friðlýstar minjar, samkvæmt ofangreindum lögum um menningarminjar.

Skráning á minjum í þessari skýrslu er stöðluð samkvæmt skráningarkerfi Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og stöðlum frá Minjastofnun Íslands (MÍ).

Skráningarformið er á þessa vegu:

Auðkennisnúmer – staðsetning – sérheiti – tegund – hlutverk – aldur – friðlýsing – ástand – hættumat – stærð – lýsing.

Auðkennisnúmer: verkefnanúmer (úthlutað af Minjastofnun Íslands) – númer fornleifar :001 (hlaupandi númer innan verkefnis frá 001). Dæmi: 1800:001.

Staðsetning fornleifa er gefin upp með hnitum í hnitakerfi ÍSNET93.

Tegund og hlutverk: Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Dæmi: tóft; fjárhús.

Aldur er skráður frá og til fyrir tímabili notkunar. Skráð er ef fornleif hefur notið friðlýsingar og þá hvenær. Ástand minja metið út frá flokkun MÍ um sýnileika. Hættumat og orsök byggist á hvort fornleif muni verða fyrir raski í framtíð af náttúrulegum eða manna völdum. Stærð er skráð í mestri lengd og breidd í metrum. Í lýsingu er minjum lýst í útliti og ástandi.

Svínafell í Öræfum

Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu segir jarðamörk Svínafells liggja að Sandfellslandi í austri; „...úr Rauðakambi í lækjarfarveg í miðjum Markhól (Réttarfalljökli), þaðan sjónhending í vörðu milli Hrakdeildarhóla, svo er stefnan vestan við Eyrartagl.“³ „... að vestan liggja mörkin um Nesið [Freysnes]“, við jarðamörk Skaftafells.⁴ Fjalllendi Svínafells er mikið og bratt og vel gróið. Framburður Svínafellsár og Virkisár hafa myndað undirlendi jarðarinnar og hefur það nú víðast vel gróið.

Svínafell á langa búsetusögu sem nær allt aftur til landnámstíðar þó er þess ekki getið sem landnámsjarðar.⁵ Jörðin liggur innan landnáms Þorgerðar er nam Ingólfshöfðahverfið og fyrstir manna til búsetu í Svínafelli eru taldir sonarsonur Þorgerðar, Þórður Freysgoði og Flosi Þórðarson sonur hans. Svínafell var höfuðból sveitarinnar fram á 13. öld, jafnvel fram að Öræfajökulsgosinu 1362 og margir höfðingjar komið þaðan.⁶ Kirkja var vígð að Svínafelli seint á 12. öld en óvíst er hve lengi kirkjuhaldið stóð yfir á jörðinni.⁷

Í jarðarbók Ísleifs Einarssonar segir um jörðina: „*Svínafell. Bónða eign. Jarðar dýrleiki viij hdr. Landsk. 1 hdr. 20 áln. Kúg. iij. Afréttur er jörðinni eignaður í*

³ Sigurður Björnsson, 1976, bls. 72

⁴ Sigurður Björnsson, 1976, bls. 75

⁵ Landnáma, 84. kafli

⁶ Sigurður Björnsson, 1976, bls. 76

⁷ Sigurður Björnsson, 1976, bls. 76

*Eystrafjalli fyrir sunnan Skeiðarársand, óbrúkandi vegna vegaleingdar. Skógar ítak til brenniviðar er jörðunni eignað í Skaptafellsskógi.*⁸ Samkvæmt jarðabók frá 1861 er dýrleiki jarðarinnar komið í 16,2 hundruð.⁹

Bændur í Svínafelli hafa yfirleitt átt sínar jarðir sjálfir og ábúendur hafa aldrei verið færri en tveir. Talið er að fram undir 1800 hafi verið einbýli á Svínafelli þó svo fleiri en einn ábúandi hafi búið þar.¹⁰ Um 1830 var jörðinni formlega skipt upp milli Austurbæjar og Vesturbæjar.¹¹ Árið 1858 er býlið Breiðatorfa skipt út úr Vesturbæjarlandi og Bölti úr landi Austurbæjar 1863. Að auki var búið í Stekkatúni á árunum 1895-1909. Bæirnir stóðu áður fyrr ofar í brekkunum suðvestan undir Svínafelli, með aðal túnin skorin af misstórum lækjum og giljum. Á sléttlendinu fyrir framan brekkurnar hefur á seinni tímum farið fram túnaræktun eftir að ágangur Svínafellsár minnkaði á undirlendið.¹² Frá 1800 og fram á miðja 20. öld hafa að meðaltali búið um 33 manns á Svínafelli.¹³

Framkvæmdasvæðið

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru á svæði sem nefnist Sel við Selhól í Vestur-Söndum, suðvestur af Þjóðvegi 1 (sjá mynd 1 og 2). Þar hafa beitarhús frá Svínafelli staðið svo lengi sem elstu menn muna. Í dag eru þar hesthús og hlaða sem tilheyra býlinu Bólta í Svínafelli. Byggingareitur er áætlaður í norðvesturhorni í ræktuðu túni suðvestur af Selhólnum. Engar minjar eru sjáanlegar af loftmynd né ritaðar heimildir um að innan framkvæmdasvæðisins séu minjar að finna.

⁸ Jarðabók Ísleifs Einarsson, 1918-1920, bls 37

⁹ Ný jarðabók fyrir Ísland, 1861, bls. 6

¹⁰ Sigurður Björnsson, 1976, bls. 78

¹¹ Sigurður Björnsson, 1976, bls. 78

¹² Sigurður Björnsson, 1976, bls. 79


¹³ Sigurður Björnsson, 1976, bls. 143



Mynd 2. Horft til suðvestur af Selhól yfir ræktunartún í Seli. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er suður og austur af kletti í norðvestur horni túnsins (rauð ör). Áætluð lóðarmörk eru sýnd með gulum punktalínum. Ljós. SGB, júní 2017.

Fornleifaskráning

Eins og ofar greinir nær úttekt þessi eingöngu til framkvæmdasvæðisins við Sel og næsta nágrennis samkvæmt byggingatillögu. Skráðir voru sex minjastaðir í nágrenni framkvæmdasvæðisins, staðsetningu þeirra má sjá á mynd 3. Framkvæmdasvæðið er utan við 15 m helgunarlínu fornminja.



Mynd 3. Yfirlitskort af skráðum minjum í og við Selhól. Minjastaðir eru sýndir með rauðum punkti og vitnað í auðkennisnúmer samkvæmt skráningu hér neðar. Framkvæmdasvæðið er afmarkað með svartri punktalínu og fyrirhuguð aðkomuleið að svæðinu er sýnd með rauðri punktalínu. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Auðkennisnúmer: 1870:001

Staðsetning: A 603989.424 – N 386054.238

Sérheiti:

Tegund: tóft

Hlutverk: beitarhús

Hlutverk annað: fjárhús

Aldur frá: 800

Aldur til: 1960

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: engin hætta


Vegghæð frá: 1,5 m

Vegghæð til: 2,2 m

Veggjabreidd: 1,0 m

Lýsing: Í örnefnaskrá fyrir Svínafell er getið beitarhúsa við Selhól (Svínafell – 7). Tvíhólfa tóft af fjárhúsum sem áður tilheyrðu beitarhúsum í Seli. Tóftin stendur sunnan undir Selhól, 12 m á breidd og um 9 m að lengd og op snúa til suðvesturs. Vestara hólfið hefur fyllst af grjóti og er mikið gróin sem og allir veggir tóftarinnar.

Í eystri tóftinni stendur gámur sem nýttur er sem áhaldageymsla í dag. Við austur hlið tóftarinnar stóð önnur tóft sem búið er að jafna við jörðu. Sjá ljósmyndir 10 og 11 í viðauka.



Mynd 4. Tóft 1870:001 er tvíhólfa tóft sem stendur sunnan undir Selhól. Við austurgöfl stóð tóft sem búið er að fella.

Auðkennisnúmer: 1870:002

Staðsetning: A 603989.196 – N 386081.088

Sérheiti: Sel/Selhóll

Tegund: heimild

Tegund annað: örnefni

Hlutverk: beitarhús

Aldur frá: 800

Aldur til: 1960

Friðlýst: nei

Lýsing: Í örnefnaskrá er getið beitarhúsa í Seli við Selhól. Örnefnið gefur til kynna að þarna gæti hafa staðið sel á fyrri tímum búsetu í Svínafelli.



Mynd 5. Selhóll er stærstur hólanna í Seli. Beitarhús hafa staðið í Seli svo lengi sem menn muna. Ljós. SGB, júní 2017.

Auðkennisnúmer: 1870:003

Staðsetning: A 603966.714 – N 386077.062

Sérheiti:

Tegund: hús

Hlutverk: hesthús

Aldur frá: 800

Aldur til: 2017

Friðlýst: nei

Ástand: stendur/undir þaki

Hætta: engin hætta

Vegghæð frá:

Vegghæð til:

Veggjabreidd:

Lýsing: Fjárhús undir þaki, með hlöðnum útveggjum og áfast steyptri og yngri hlöðu. Aldur upprunalegrar hleðslu er óviss en núverandi notendur hússins hafa endurnýjað hleðslur. Húsið er í góðu ástandi og er nú nýtt sem hesthús.



Mynd 6. Uppdráttur og ljósmynd af 1870:003, hesthús og hlaða. Húsið er nýtt sem hesthús í dag. Ljós. SGB, júní 2017.

Auðkennisnúmer: 1870:004

Staðsetning: A 604055.958 – N 386171.125

Sérheiti:

Tegund: tóft

Hlutverk: óþekkt

Aldur frá: 800

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar


Hætta: engin hætta

Vegghæð frá: 0,3 m

Vegghæð til: 0,5 m

Veggjabreidd: 1,0 m

Lýsing: U.þ.b. 100 m norðaustan við Selhól er tóft, 4 x 9 m að stærð sem liggur utan í lágum grónum hól. Veggir og hleðslur hafa hrunið að miklu leyti en lag hólfa má greina nokkuð auðveldlega. Garði liggur eftir endilangri tóftinni svo ætla má að hlutverk hennar hafi verið fjárhús (sjá ljósmynd 12 í viðauka).



Mynd 7. Uppdráttur af tóft 1870:004.

Auðkennisnúmer: 1870:005

Staðsetning: A 604065.976 – N 386179.192

Sérheiti:

Tegund: dæld

Hlutverk: óþekkt

Aldur frá: 800

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar


Hætta: engin hætta

Vegghæð frá: 0,0 m

Vegghæð til: 0,0 m

Veggjabreidd: 0,0 m

Lýsing: Rétt norðaustan við tóft 1870:004 er u.þ.b. 50 cm djúp dæld, sjá ljósmynd 13 í viðauka.



Mynd 8. Uppdráttur af dæld í sverði (1870:005) tæpum 8 m norðaustan við tóft 1870:004.

Auðkennisnúmer: 1870:006

Staðsetning: A 604132.730 – N 386254.014

Sérheiti:

Tegund: tóft

Hlutverk: óþekkt

Aldur frá: 800

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar


Hætta: engin hætta

Vegghæð frá: 0,2 m

Vegghæð til: 0,4 m

Veggjabreidd: 1,0 m

Lýsing: Tæpum 100 m norðaustan við tóft 1870:004 er tvíhólfa tóft, um 6 m á lengd og 10 m á breidd. Tóftin snýr norðaustur – suðvestur með op í sitthvort hólfi til suðvestur. Hólfin eru álíka stór, þó er vestari hólfið ögn lengra en það eystra. Veggjahleðslur horfnar og tóftin vallargróin en þó er hægt að greina lögun hennar (sjá ljósmynd 14 í viðauka).



Mynd 9. Tóft 1870:006, tvíhólfa tóft. Sjá ljósmynd 14 í viðauka.

Samantekt

Samtals voru skráðir 6 minjastaðir við Selhól og 5 þeirra uppmældir nákvæmlega (sjá töflu 1). Allir minjastaðirnir eru utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og vel utan 15 m helgunarlínu fornleifa. Því ætti þeim ekki að vera hættu búin af völdum framkvæmdanna að öðru leyti en verið hefur.

Tafla 1. Skráðar minjar í Seli í landi Svínafells í Örfum. Lýsing á skráðum minjum er í kafla hér á undan.

Auðkenni	Heiti	Tegund	Hlutverk	Aldur	Hætta	Lýsing
1870:001		Tóft/heimild	Beitarhús	800 - 1960	Engin hættu	Sjá texta og myndir 10-11 í viðauka
1870:002	Sel/Selhóll	Heimild/örnefni	Beitarhús		Engin hættu	Sjá texta og mynd 5
1870:003		Hús undir þaki	Í dag hesthús	800-2017	Engin hættu	Sjá texta og mynd 6.
1870:004		Tóft	Óþekkt	800 - 1950	Engin hættu	Sjá texta og mynd 12 í viðauka
1870:005		Dæld	Óþekkt	800-1950	Engin hættu	Sjá texta og mynd 13 í viðauka
1870:006		Tóft	Óþekkt	800-1950	Engin hættu	Sjá texta og mynd 14 í viðauka

Niðurstaða

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er utan við 15 m helgunarlínu friðaðra minja og því ætti ekki að vera ástæða til að gera frekari greiningu á svæðinu.

Heimildir

Jón Þorkelsson, 1918-1920. *Jarðabók Ísleifs sýslumanns Einarssonar um Austur-Skaftafellssýslu, er hann gerði 1708 og 1709 í umboði Árna Magnússonar*. Blanda 1. bindi 1918-1920, 1-3. Hefti, bls. 1-38.

Landnáma, 84. kafli. Sótt 15. 06.2017 á
<https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>

Loftmyndir ehf. Loftmyndagrunnur af Sveitarfélaginu Hornafirði.

Lög um menningarminjar, nr. 80 2012. Sótt 15.06.2017 á
<http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>

Ný jarðabók fyrir Ísland, 1861.

Sigurður Björnsson, 1976. Örnefi. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu, III. bindi* (bls. 11-148). Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar.

Þorsteinn Jóhannsson, 1973. *Örnefnaskrá* - Svínafell. Örnefnastofnun Árna Magnússonar.

Viðauki



Mynd 10. Tóft 1870:001, horft til norðvesturs. Ljós. SGB, júní 2017.



Mynd 11. Búið er að fella tóft sem stóð fyrrum austan við tóft 1870:001. Horft til suðausturs. Ljós. SGB, júní 2017.



Mynd 12. Tóft 1870:004, horft til norðurs. Ljósm. SGB, Júní 2017.



Mynd 13. Dæld 1870:005 norðan tóftar 004. Horft er til norðurs frá Seli. Ljósm. SGB júní 2017.



Mynd 14. Horft til norðvesturs yfir tóft 1870:006. Tóftin er mikið gróin en þó má glöggst sjá lag hólfanna. Ljós. SGB, júní 2017.